FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Íslenskugrunnur 2: læsi og málfræði
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	lestur og tjáning, málfræði, ritun, stafsetning
Skammstöfun:	ÍSLE1SR05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Farið er í undirstöðuatriði íslenskrar málfræði, bókmennta, ritunar og lesturs til þess að undirbúa nemendur undir frekara nám í framhaldsskóla. Einnig eru nemendur þjálfaðir í framkomu og tjáningu. Þetta er síðari áfangi af tveimur í undirbúningsnámi.
Forkröfur:	Íslenskugrunnur 1 eða C á grunnskólaprófi
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • móðurmáli sínu • helstu málfræðihugtökum • mismunandi málsniðum og ritgreglum sem þeim fylgja • orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli • stafsetningu og greinamerkjasetningu • mismunandi lestraraðferðum • helstu bókmenntahugtökum • mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa til að þjálfa lesskilning sinn og bæta leshraða • nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni • nota orðabækur og önnur hjálpargögn við námið • draga saman aðalatriði í ritmáli • nota bókmenntahugtök í umræðum og verkefnum • taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • rita texta sem nýtist í áframhaldandi námi í íslensku • rita texta óhindrað með málfræðilega réttu orðalagi • auka læsi • auka öryggi sitt í stafsetningu og greinamerkjasetningu • túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum

Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.